



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagurinn 19. október 2007

Ákvörðun nr. 57/2007

## **Kaup Heilsu ehf. á Heilsuhorninu Ninna ehf.**

### **1.**

Þann 17. ágúst 2007 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um kaup Heilsu ehf. (hér eftir Heilsa) á öllu hlutafé í Heilsuhorninu Ninna ehf. (hér eftir Heilsuhornið). Við nánari athugun Samkeppniseftirlitsins kom í ljós að framangreind samrunaskrá var ekki í samræmi við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.<sup>1</sup> Samkeppniseftirlitið sendi samrunaaðilum bréf, dags. 14. september sl., þar sem eftirlitið beindi því til samrunaaðila að leggja fram þær upplýsingar sem áttu að koma fram í tilkynningunni sem allra fyrst. Fullnægjandi samrunaskrá barst Samkeppniseftirlitinu þann 21. september sl. Samrunaskránni fylgdi kaupsamningur, dags. 10. ágúst 2007, og ársreikningar samrunaaðila, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra.

Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

### **2.**

Í tilkynningunni kemur fram að aðilar samrunans séu tveir, Heilsa og Heilsuhornið. Fram kemur að Heilsa sé „heildsölufyrirtæki og sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á lífrænum matvörum, vítamínum og fæðubótarefnum.“ Um Heilsuhornið segir að félagið „sérhæfir sig í smásölu á lífrænum matvörum og fæðubótarefnum. Auk þess flytur Heilsuhornið inn hluta af þeim vörum sem það hefur í sölu.“ Þá segir enn fremur að fyrirtækið dreifi einnig í takmörkuðum mæli vörum til annarra verslana. Um markmið samrunans segir að það sé að „auka hlut félagsins á heilsumarkaðnum á Íslandi og þá sérstaklega Akureyri þar sem félagið hefur litla sem enga markaðshlutdeild.“ Jafnframt segir að samrunanum sé ætlað að „ tryggja áfram góða þjónustu og samkeppnishæf verð á þeim mörkuðum sem sameinað fyrirtæki starfar á og mun þar hafa jákvæð áhrif á hagsmuni neytenda.“

---

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Fram kemur í tilkynningunni að um sé að ræða tvo mismunandi markaði í þessu máli. Annars vegar sé um að ræða heildsölumarkað með heilsuvörur, sem sé sá markaður sem Heilsa starfi einkum á, og hins vegar sé um að ræða smásölumarkað með heilsuvörur, sem Heilsuhornið starfi einkum á. Að mati samrunaaðila muni samruninn fyrst og fremst hafa áhrif á þessum tveimur stigum heilsuvörumarkaðarins, en starfsemi beggja samrunaaðila skarist að einhverju leyti á báðum stigum hans. Landfræðilegan markað heildsölustigs heilsuvörumarkaðarins telja samrunaaðilar vera landið allt. Um smásölumarkað heilsuvörumarkaðarins sem samruninn muni hafa áhrif á segir í tilkynningunni að hann sé staðbundinn við Akureyri. Fram kemur að þó Heilsuhornið sé eina séerverslunin með heilsuvörur á Akureyri hafi mikil aukning verið í sölu á heilsuvörum í matvöruverslunum. Þannig hafi markaðurinn stækkað talsvert.

### 3.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við innflutning, dreifingu og sölu á heilsuvörum.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafst frekar vegna kaupa Heilsu á Heilsuhorninu á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

### Ákvörðunarorð

**„Með kaupsamningi, dags. 10. ágúst 2007, keypti Heilsa ehf. allt hlutafé í Heilsuhorninu Ninna ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafst frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson



